

Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflakks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um starfshópa

Á fundi borgarráðs þann 5. júlí 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflakks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um starfshópa:

Á síðasta kjörtímabili voru að minnsta kosti 350 starfshópar skipaðir hjá Reykjavíkurborg. 1. Hvað sitja margir einstaklingar í þessum starfshópum? 2. Hver var launakostnaður borgarinnar til þessara aðila? 3. Hversu mikill verktakakostnaður var greiddur til þessara aðila? 4. Hversu margir aðilar utan hópanna voru fengir til starfa fyrir hópana? 5. Hvað kostaði sú aðkeypta vinna?

Á kjörtímabilinu frá 16. júní 2014 og fram að myndun nýs meirihluta í júní 2018 var 421 starfs- og stýrihópur skipaður í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sbr. tafla nr. 1. Þar af eru 93 starfshópar enn að störfum og 10 stýrihópar en 289 starfshópar og 29 stýrihópar hafa lokið störfum. Sundurgreindar upplýsingar um þá má sjá í hjálögðu yfirliti.

Tafla 1. Starfs- og stýrihópar Reykjavíkurborgar 16.6.2014-19.6.2018.

Staða 19.6.2018	Ráðhús	SFS	VEL	USK	MOF	Samtals
Starfshópar að störfum	50	5	27	9	2	93
Stýrihópar að störfum	2	0	0	0	0	2
Starfshópar - störfum lokið	116	92	55	14	12	289
Stýrihópar - störfum lokið	25	4	0	6	2	37
Samtals	193	101	82	29	16	421

Reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa dags. 2. febrúar 2018 gilda um hópa sem skipaðir eru til að vinna verkefni sem eru skilgreind skv. erindisbréfi og starfa í afmarkaðan tíma. Formleg skipan starfs- og stýrihópa er mikilvæg til að skilgreina verkefni og tímamörk, ábyrgðir og afurðir, ekki síst þegar verkefni þarf að vinna þvert á fagsvið eða stjórnunareiningar eins og algengt er hjá Reykjavíkurborg.

Ekki er haldið sérstakt yfirlit yfir fjölda einstaklinga sem sitja í starfs- og stýrihópum. Algengt er að þrír til fimm einstaklingar séu skipaðir í hvern hóp en algengt er starfshópur leiti eftir ráðgjöf eða vinnuframlagi frá fleiri starfsmönnum.

Almennt eru starfshópar skipaðir starfsmönnum Reykjavíkurborgar og stýrihópar skipaðir kjörnum fulltrúum auk þess sem starfsmenn borgarinnar eru þeim til aðstoðar. Ekki er greitt

sérstaklega fyrir setu í starfs- eða stýrihópum. Í síðustu uppfærslu á reglum um starfs- og stýrihópa dags. 2.2.2018 var bætt inn ákvæði um að heimilt sé að greiða fulltrúum utan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar fyrir setu í starfs- eða stýrihópi þegar þeir eru skipaðir vegna þekkingar sinnar en ekki sem fulltrúar stofnunar, hagsmunaaðila eða félagasamtaka. Greiðslur skulu þá vera í samræmi við ákvæði um þóknun fyrir setu í öðrum nefndum í samþykkt forsætisnefndar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Slík tilvik hafa verið mjög fátíð.

Það er í undantekningartilvikum að aðilar utan hópanna eru fengnir til starfa gegn greiðslu. Fjárheimildir vegna þess þurfa að vera innan fjárhagsáætlunar hafi heimild fyrir slíkum útgjöldum ekki verið samþykkt sérstaklega. Starfs- og stýrihópar hafa ekki sérstakar fjárheimildir og taka ekki ákvarðanir um kaup á aðkeyptri þjónustu heldur hlutaðeigandi stjórnandi sem ber stjórnsýslulega ábyrgð á framkvæmdinni. Í þeim tilvikum sem sérfræðivinna hefur verið keypt á fagsviði eða skrifstofu að tillögu starfs- eða stýrihóps fellur kostnaðurinn á kostnaðarstað viðkomandi starfseiningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Yfirlit yfir starfshópa Reykjavíkurborgar 16.6.2014-19.6.2018.